

Arnljotur B. Olson

I. KAPITULI.

Bardaginn.

Glenister horfði yfir höfnina, er ljósin frá skipunum, er þar lágu, slógu bjarma yfir. Síðan leit hann upp til fjallanna dökkleitu, er báru við skýin. Hann svalg kalda, hreina loftið, blandið sævar-keim og æskublóðið svall honum í æðum.

“Ó! þetta er dásamlegt, — yndislegt”, mælti hann lágt; “og þetta er landið mitt — mitt eigið land; heyrið þú það? Dex! Þessi þorsti — þrá eftir norðrinu — liggur í blóði mínu. Eg stækka. Eg þenst út”.

“Gættu þín, að þú rifnir ekki”, mælti Dextry í viðvörunar-róm. “Eg veit til þess, að menn hafi orðið öskrandi fullir af fjalla-lofti. Varastu, að þenslan verði ekki of hörð á einum vissum stað”. Hann tók til pípunnar sinnar og spjó út slíkri reykjar-svælu, að engin hætta var á, að fjalla-loftið yrði of heilnæmt.

“Hamingjan góða! Hvílik voða-svæla!” mælti yngri maðurinn og blés frá sér. “Þú ættir að setjast í sóttvörð”.